



Þingeyjarsveit

590602-2640
Kjarna - 650 Laugar
Sími: 464 3322 – Bréfsími: 464 3422
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is
www.thingeyjarsveit.is

Nefndarsvið Alþingis
nefndarsvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Laugar 29.03.2019

**Efni: Umsögn sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar um frumvarp til laga um fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir of.l.)
647. mál, 149 löggjafafing 2018-2019.**

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar lýsir yfir andstöðu við framkomið frumvarp landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra til breytinga ýmsum ákvæðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar lýsir vonbrigðum með að ráðherra skuli ekki fara að fyrirætlum Alþingis um að fram fari heildarendurskoðun fiskeldislaganna. Ljóst er að verði fyrirbyggjandi frumvarp samþykkt óbreytt sem lög frá Alþingi er efnt til stórfelldra átaka um fiskeldi um ókomna framtíð. Með frumvarpinu er rofin sú sátt sem undirrituð var um meðferð áhættumats í lögum af öllum nefndarmönnum í starfshópi um stefnumörkun í fiskeldi. Frumvarpið er ekki í samræmi við þá markmiðsyfirlýsingu er fram kemur í 2. mgr. 1. gr. núgildandi fiskeldisлага sem felur í sér að vöxtur og viðgangur fiskeldis megi ekki gerast á kostnað viðgangs og nýtingar villtra fiskistofna. Er enn fremur sérstaklega tekið fram í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 71/2008 að þegar ekki fara saman hagsmunir þeirra sem eiga veiðirétt samkvæmt lax- og silungsveiðilögum og hins vegar hagsmunir þeirra sem stunda fiskeldi eigi þeir síðarnefndu að víkja. Er fyrirbyggjandi frumvarp því í andstöðu við markmiðsyfirlýsingu núgildandi laga auk þess að vera í andstöðu við ýmsar alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Notkun á framandi laxastofni í Íslenskir náttúru eykur aukinheldur verulega á hættu á stórslysi í íslenskri náttúru.

Sjálfbær nýting íslenska laxa- og silungastofna er dreifbýlinu mikilvæg. Samkvæmt nýrri skýrslu Hagfræðistofnunar Háskólans þá eru 69% af launakostnaði og hagnaði í landbúnaði á Vesturlandi vegna tekna af veiði og 27% á Norðurlandi. Samkvæmt sömu skýrslu hafa 3.400 lögbýli tekjur af lax- og silungsveiði. Þá leiðir skýrslan einnig í ljós að 60.000 Íslendingar stunda lax- og/eða silungsveiðar. Verndun þessarar auðlindar á því að vera leiðarljós við alla lagasetningu um fiskeldi.

Eignarrétturinn er friðhelgur og er raunveruleg hættu á því, m.a. með hliðsjón af þeirri reynslu sem nú liggur fyrir af sjókvíaeldi annarra þjóða, að sjókvíaeldið mun hafa verulega neikvæð áhrif á veiðihlunnindi landeiganda og verðmæti jarða og valda þannig stórkostlegu tjóni.

Virðingarfyllt
f.h. sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

Dagbjört Jónsdóttir
sveitarstjóri Þingeyjarsveitar